

Helgarpóstsviðtalið:



Magdalena Schram

„Á þeim tíma verða kvenlíkamar væntanlega ekki söluvarningur eða fórnarlömb „óviðráðanlegra“ tilfinninga heldur umgjörð persónu, sem ákveður sjálf hver hafi rétt á sér. Og á þeim tíma verða e.t.v. engar nauðganir, ekkert ofbeldi. En það er stundum erfitt að imynda sér slíka framtíð. Einna erfiðast er það mér á föstudögum, rétt eftir hádegð.“

Þannig hljóðar niðurlag greinar sem birtist í Dagblaðinu og Vísi — blaði „föstudagsstúlkanna“ — 3. júlí sl. Höfundurinn er Magdalena Schram og eru þetta kveðjuorð hennar til blaðsins — hún er að hætta sem ritstjóri helgarblaðsins eftir rúmlega eins árs starf. Nú ætlar hún að vera hversdagsmamma um óákveðinn tíma.

Hún var önnur kafin í því hlutverki þegar Helgarpósturinn heimsótti hana á Alftanesið. Þar var hún ásamt yngstu systur sinni, Önnu Helgu, að gæta húss bróður þeirra, Ólafs. Þær systur lágu í sólbæði enda dagurinn óvenju sólríkur. Dætur Möllu, þær Halla og Katrín, léku sér en dóttir Önnu Helgu svaf.

Úti fyrir stórum stofugluggum var fjöru-grjótið og í framhaldi af því spegilslettur Faxaflóinn allt til Snæfellsjökuls sem skartaði sínu fegursta. Burtséð frá hávaða sem barst frá nálægu bilaverkstæði ríkti þarna friður og fegurð. Og ekki spilltu húsakynninn. Malla er komin af „góðu slekti“ eins og það heitir og fyrsta spurningin kom því í eðlilegu framhaldi af umhverfinu.

— Ertu fædd með silfurskeið í munni?
„Drottinn minn dýri, hvernig á ég að svara þessu án þess að fara út í málalengingar? Jú, ég geri ráð fyrir því. En gott slekti eins og þú kallar það og peningar eru ekki endilega nein silfurskeið. Eg þekki fólk

En mér finnst þessi umræða um fótbolta hafa gengið út í öfgar vegna heimsmeistarakeppnanna. Það virðist vera ljóst að fótboltinn geri útslagið með að sjónvarpið verður opið í júlí frá og með næsta ári. Það finnst mér kostulegt. Það er margt annað sem væri meiri ástæða til að opna sjónvarpið fyrir en úrslitaleikur í fótbolta.“

Átti að vera róttæk

— Var ekki eitthvað minnst á pólitík á heimilinu?

„Jú, og töluvert mikið á köflum. Föðurfólk mitt er sjálfstæðismenn, afi var svo stækur að hann las ekkert nema Morgunblaðið og þegar eldhúsdagsumræður voru í útvarpinu hlustaði hann bara á Ólaf Thors og skrúfaði fyrir alla aðra. Mamma er aftur á móti af gömlu og góðu kratafólki komin og þegar ég var tíu ára tengdist Jón Baldvin fjölskyldunni og hann talar jú stundum um pólitík! Svo deildu Ellert og Bryndís, hún var róttæk en hann hægri-maður — maður gæti haldið að stjórnmála-

mjög agaðir, hlýðnir og bera mikla virðingu fyrir því opinbera, ríkinu. Þeir eins og eru til fyrir það, ekki ríkið fyrir þá. Í Bretlandi er þessu alveg öfugt farið. Lítið en skýrt dæmi: Í Þýskalandi fer enginn yfir götu á rauðu ljósi, alveg sama þótt enginn bill sé sjáanlegur, það er bara bannað! Bretar fara yfir á rauðu ljósi, þeir þykjast geta ákveðið það sjálfir. Ætli þetta ólíka hugarfar sé ekki gegnumgangandi á flestum sviðum.

Eg var í Þýskalandi þegar Schleyer var rænt. Þá var gífurlegt eftirlit alls staðar og mér þótti það andstyggilegt. Hafði enga samúð með terroristunum en gat samt skilið hvaða brjálæði var í mótþróanum — hvernig á því stóð. Í Þýskalandi virtust aðeins tvær leiðir færar, annað hvort algjör undirgefni og hlýðni eða algjör uppreisn. Millivegur enginn til, aðeins öfgarnar og hvoru tveggja líklega afleiðing af þessari oftrú á og virðingu fyrir valdi. Og viðbrögð lögreglunnar gegn terroristunum voru sams konar brjálæði — fyrr má nú rota en dauðrota!“

Ríkið er svo slappt

— Þú talar um mismunandi afstöðu þessara þjóða til ríkisins, hvar setur þú Íslendinga niður í því samhengi?

„Við erum líkari Engendingum — Íslendingar fara líka yfir á rauðu ljósi! Maður imyndar sér að hér sé inngroin óbeitt á yfirvöldum frá því Danir réðu ríkjum. Auk þess er ríkið svo slappt hérna. Í Þýskalandi eru störf hjá því opinbera vel launuð og örugg og það er lítið upp til embættismanna. Ríkið gerir vel við sitt fólk og getur því valdið rjómann af þjóðinni. Hér er ekkert starf hjá hinu opinbera vel launað. Háskólamenntað fólk fær miklu lægri laun hjá ríkinu en einkafyrirtækjum enda hirða þau það fólk sem þeim list vel á.

hafi þessa möguleika, sem skiptir kannske mestu. Því er öfugt farið á Englandi.

Þar fæðist fólk beint á bás, sem það hefur sáralitla möguleika til að komast út úr.

Í ljósi þessa er allt tal um stéttaskiptingu hér á landi fáránlegt. Svo ég taki nú bara dæmi af minni fjölskyldu, þá varð annar afi minn munadarlaus þegar hann var þrettán ára. Hann fór til sjós og endaði skútuskipstjóri. Hann eignaðist samilegt hús við Stýrimannastíginn en varð aldrei vel efnadur. Móðurfólkið mitt var fátækt fólk úr Ölfusinu, afi var háseti á togurum og síðan baðvörður. En það var komið af eintómum biskupum og hreppstjórum. Nú og við þessi 7 börn, við erum flest gift börnum iðnaðarmanna. Það er því eitthvað annað en ættin sem ákvarðar stöðu manna hér.“

Eru konur heimskar?

— En svo kemurðu heim og ferð að ritstýra helgarblaði Vísis. Og þú hellir þér úf í kvennabaráttu. Hefurðu alltaf verið jafnréttissinnuð?

„Auðvitað! Eg var a.m.k. sannfærð um það þegar ég var stelpa að ég væri ekki öðruvísi sett en strákarnir. Misrétti hvað það varðar að láta drauma eða metnað rætast verður manni þó e.t.v. fyrst ljóst þegar börnin koma til sögunnar.“

Þegar ég var í menntaskóla, var kvendréttisbaráttan lítið til umræðu. Einu sinni man ég þó að tekið hafi verið fyrir á mál-fundi hvort konur væru heimskari en karlar, svona undir því yfirskini að það væri fyndin spurning. Nú ég var kosin ritari skólafélagsins, var áreiðanlega fyrsta stelpa sem gegndi virðulegu latnesku embætti við MR. En það var ekki álitid neitt sérstakt framlag til jafnréttisbaráttunnar, bara afleiðing af því sem ég hafði verið að gera. En það lá svo margt í loftinu á þessum

„... á ég að þora að segja

í öðrum kringumstæðum, sem er líka fætt með silfurskeið í munni.

Og hvað snertir gott slekti þá er mitt ekkert betra en annað.“

Óttaleg skræfa

Malla ólst upp í Skjólunum sem hún segir að hafi verið ævintýraleikvangur, bæði mói og fjara. „Þarna voru öll hús full af krökkum og frá svona fimm ára aldri gengum við út og inn eins og við vildum. Þetta var frekar óvernduð æska miðað við það sem nú er. Mér hefur orðið hugsað til hennar eftir að eg kom hingað á Alftanesið. Hingað hafa heimsótt mig foreldrar sem þora ekki að hleypra börnum sínum lausum af ótta við fjöruna, hún sé svo hættuleg.“

— Svo þú hefur haft það gott í æsku?
„Já, við bjuggum í stóru húsi og ég á sex systkini, svo það var mikið um að vera og okkur skorti ekki hlýju, athygli eða í okkur og á. Heimilislífið var bæði ástrikt og hatursfullt eins og gerist í svona sambyli. Eg vildi gjarnan hafa kraft til að eiga sjö börn eins og mamma.“

— Hefurðu það ekki?
„Jú, kannski, en engan tíma.“
— Þú hefur vænti ég verið KR-ingur.
„Var, er og mun verða fram á grafarkann.“

— Varstu eitthvað í íþróttum?
„Eg var eitthvað í handbolta. Eg er óttaleg skræfa og var líka dauðhrædd við boltann af því ég var með gleraugu. Þó náði ég svo langt að leika í Hálogalandi, við unnum Breiðablik!“

— Nú hafa bæði faðir þinn og bróðir verið formenn KSÍ, hefur þú áhuga á fótbolta?

„Já, ég hef gaman af að horfa á góðan fótbolta. Eg ólst upp við hann, þekkti mestan hluta KR-liðsins þegar það var upp á sitt besta og vann allt, það var ekki annað hægt en hafa gaman af, en fótbolti var líka litinn gagnrýnum augum á minnu heimili, hann var ekkert endilega það merkilegasta í heimi. Bryndís systir mín var í ballett og ég man eftir miklum umræðum um hvort væri merkilegra, ballett eða fótbolti. Einn hélt því fram að góður fótbolti væri listgrein, en því voru ekki allir sammála. Það er einn af kostunum við að alast upp í stórrí fjölskyldu, að það lærist snemma að ekkert er algilt. Skoðanirnar kannski jafnmargar og heimilisfólkið og þá er bara að veiga og meta réttmætið.“

skoðanir færur eftir kynferði í minni fjölskyldu!“

— En hvað með þig?

„Eg þóttist vera róttæk, eða öllu heldur, ég átti að vera það. Eg var óttaleg félagsmálasprauti á skóla og var mikið með röt-tækara fólkinu. Það hefur nú orðið minna úr þeirri róttækni með árunum. Nú eru þessir menn orðnir þingmenn og jafnvel borgarstjórnar, afar ráðsettir og aðlagðir.“

Þegar ég var í menntaskóla var mikið rætt um herinn og erlendar fjárfestingar, en það var lítið um að menn lýstu yfir stuðningi við einhverja flokka. Við vorum líka skelfileg listasnobb, gatúum setið fram eftir nóttu og diskúterað eitthvert leikrit eftir Sartre. En sjóndeildarhringurinn var ósköp þróngur, við vorum öll í skólapólitíkinni.“

Að loknu stúdentsprófi 1968 fór Malla til náms í Englandi og ílentist svo þar til ársins 1974.

„Eg lauk þingaprófi sem kallast BA-próf í sögu og heimspeki. Eg var nú alltaf hálf-slappur námsmaður, bara svona meðal-skussi. Eg er svo löt, og líklega ekki nógu greind heldur. Síðasta árið vann ég hjá Flugfélaginu í London en einn daginn vaknaði ég upp við þá staðreynd að ég gat hvergi búið nema á Íslandi. Þá fór ég beint vestur á Ísafjörð og var þar út veturinn. Svo var ég í Reykjavík, vann á Mogganum og í sjónvarpinu og einhvern timann á þessu tímabili var ég á ferðaskrifstofu. Mestur timinn hefur þó farið í að skrifa ástarbréf til Þýskalands og það var ekki lengi við svo búið — fyrir rest fór ég þangað til að vera hjá Herði. Við bjuggum í München, hann hafði verið að læra þar, í 3 vetur.“

Næstum orðin Engendingur

— Hvernig kunnirðu við þessar þjóðir, Breta og Þjóðverja?

„Eg kunnir þú betur við Breta. En það er kannski ekki hægt að bera saman kynni mín af þessum þjóðum.“

Þegar ég fór til Englands, stökk ég beint úr heimahúsi og skólanum, var tilbúin að gleypa hvað sem fyrir yrði og kynnað öllu inn að grunni og það gekk svo vel að ég gerðist næstum Engendingur sjálf. Þegar ég fór til Þýskalands, var ég eldri og ekki eins reidubúin til að gefa mig að nýju umhverfi. Þess vegna er álit mitt á Þjóðverjum yfirborðskennara. En mér þóttu þeir

Það er alltaf hæpið að tala um þjóðarkarakter en ég verð samt að segja að flestar þær alhæfingar sem fólk slær fram um Þjóðverja reyndust réttar. Mér fannst gaman að vera í München meðan við vorum tvöein. En það er erfitt að vera þar með börn, þau eru „persona non grata“ í Þýskalandi, það er lítið gert fyrir þau. Í útvarpinu er lesin saga fyrir börn kl.7 á kvöldin og svo er saggt góða nótt. Góðar húsmæður láta ekki sjá sig með börn utan dyra eftir þann tíma.

Þjóðverjar taka því sem þeim er sagt, þeir eru mjög hlýðnir. Þeir geta verið ákveðnir en taka því sem kemur ofanfrá. Og þeir hafa mjög skýrar hugmyndir um hvað er fyrir ofan þá og hvað fyrir neðan. En auðvitað eru undantekningar á öllum reglum og ég kynntist ágætis fólki í Þýskalandi.

Eitthvað annað en ættin sem ákvarðar

Engendingar hafa aftur á móti ákveðinn hring utan um sig þar sem þeir ráða. Það sem er inni í hringnum kemur engum við nema þeim, ekki einu sinni drottningin getur ruðst inn í hringinn. En þar er líka ofsaleg stéttaskipting. Eg bjó lengst af í Lancaster sem er í norðvesturhluta Englands. Þar er atvinnuástand slæmt og meiri erfiðleikar en víðast hvar annars staðar í landinu. Eg bjó í svona dæmigerðu verkamannahverfi og karlarnir í götunni voru flestir atvinnulausir. Þeir komu yfirleitt út um ellefuleytið og fóru á pöbbinn því þeir áttu alltaf fyrir bjór. Svo komu þeir heim um hálfþrjúleytið mismunandi drukknir. Það virtust vera meiri atvinnuönguleikar fyrir konur, þær skúruðu og unnu vaktavinnu, allt láglaunavinnu. Börnin gengu sjálfala því ekki skiptu karlarnir sér af þeim. Mörg börnin fóru aldrei í skóla og voru varla læs um fermingaraldur.

Þessir krakkar voru dæmdir fyrir lífstíð. Bara málið sem þeir töluðu, hreimurinn var öfnin og lokaði flestum leiðum. Vissa hluti dreymdi þá ekki einu sinni um. Til dæmis langskólanám. Þau eru alin upp við það að þau hafi vissan rétt og draumar þeirra ná ekki lengra. Þau gengu þarna um berfætt og vannærd.

Miðað við þetta ástand eru allir Íslendingar fæddir með silfurskeið í munni. Hér er ekki nóg með að allir hafi möguleika á hverju sem er heldur trú á allir á að þeir

árum. Sumarið eftir 4. bekk var ég að vinna á Bifröst og þá las ég sjálfsvæisögu Simone de Beauvoir sem mér fannst eins og talað úr minuhjarta. Hún setti í orð hluti, sem ég hafði aðeins skynjað ómeðvitað. Hún hafði áhrif á viðhorf mín lengi á eftir, sérstaklega til sambands kynjanna og ekki sist hvernig maður átti að haga sér í ástarsambandi!

Þegar ég kom til Englands var kvennabaráttan að komast í gang þar, allavega opinberlega. Kvendrétturinn eftir Germaine Greer var nýkominn út og allsstaðar til umræðu, — ég sókkti mér í allt þetta. Eg fylgdist ekki mikið með því sem gerðist hérlandis og ætti því ekki að úttala mig mikið um það. Hreyfingin hér sótti mikið til Norðurlandanna að mér fannst og baráttan var öðruvísi þar en á Englandi. Mér fannst hún vera dálitid innflutt einsog það vantaði að hún sprytti úr íslensku umhverfi. Og þótt veruleiki kvenna sé ótrúlega líkur — á ég að þora að segja reynsluheimur!? — frá einu landi til annars, þá er ekki víst að sama slagorðið gangi allsstaðar. Í Þýskalandi var hún líka öðruvísi, þar voru konurnar miklu harðari og ráku aðskilnaðarstefnu — öfgarnar aftur, sjáðu! Þær voru t.d. með bókabúð sem karlar máttu ekki koma inn í. Það gat ég ekki fellt mig við.“

Jafnréttið skiptir máli

— Hvernig leist þér á stöðuna þegar þú komst alkomin heim?

„Ekkert of vel. Hvað hefur gerst? Það hafa verið sett lög um jafnrétti en viðhorfin eru enn þau sömu. Það er enn verið að spyrja spurninga sem maður hélt að væri löngu búið að svara. Eg skrifaði grein í Vísi í fyrravor til að mótmæla birtingu mynda af „sumarstúlkunum“. Það var eins og að pissa upp í vindinn. Svo skrifaði ég aðra um daginn. Það var eins og að pissa aftur upp í vindinn. Það eru til konur, sem eru búnar að vera að æsa sig út af svona hlutum svo árum, jafnvel áratugum skiptir og guð má vita hvernig þeim líður. Vardandi sumarstúlkumyndir, þá finnst mér persónulega, að þeir sem ekki skilja hvers vegna maður er á móti þeim, hafi ekki allra minnstu hugmynd um í hverju raunverulegt frelsi er fólgið eða hvers konar jafnrétti er verið að fara fram á. Og ekki nóg með það, heldur nenna þeir ekki einu sinni að leggja svo lágt, — í þessu sambandi væri nær að segja

risa svo hátt, — að hlusta eftir því hvað konur eru að segja. Halda sig vita það fyrirfram og halda sig því stórkostlega jafnréttismenn — það er svo sem enginn vandi þegar skilgreiningarnar eru manns eigin! Þetta er það sem ég vildi kalla „að láta sko ekki standa á sér í jafnréttismálum!“

Í Bretlandi er búið að setja lög um allt mögulegt sem varðar jafnrétti kynjanna. Það er náttúrulega farið framhjá þeim eins og gengur, en þar er þó viðurkennt að jafnréttid skipti máli. Ég fékk um daginn bréf frá enskri konu sem er önnur tveggja kvenna sem Lundúnaborg hefur á launum við að gera könnun á stöðu ungra kvenna í ljósi breyttra aðstæðna. Þar er ekki hlegið að jafnréttinu eins og hér. Konur hafa farið verr en karlar út úr því atvinnuleysi sem hrjáir England. Verkamannaflokkurinn brást við með því að halda þriggja daga ráðstefnu um hlut kvenna á vinnumarkaðnum. Þetta er annar stærsti flokkur Bretlands og hann vilar ekki fyrir sér að taka á þessum málum.

Hér rekst maður alltaf á furðulega hluti. Dóttir mín var t.d. í umferðarskólanum um daginn. Þar kenndu tvær konur börnunum en þegar veita átti viðurkenningar mættu tveir karlmenn, lögregluþjónar. Þeir gerðu ekkert annað en að veita viðurkenningar og setja kvikmyndavélina í gang. Fólk skilur ekki af hverju er verið að tala um þetta. Það sér ekki samhengið á milli svonalagaðs og hins, hvernig hugsað er til kvenna og hvernig konur sjá sjálfar sig. Þetta er innprentað í börnin og viðhorfin munu ekki breytast fyrr en skólakerfið hættir að viðhalda þeim.

Það sem hefur komið mér mest á óvart í allri þeirri umræðu, sem átt hefur sér stað í vetur, er hversu aftarlega jafnrétti er á merinni — hve lítið hefur breyst í hugarfari og viðhorfum. Og veistu hverjir eru

verstir? Litlir strákar, smápollar, rétt ókomnir á kynproskaaldurinn. Þeir vissu sko aldeilis hvernig átti að taka þessum kellingum með kvennaframboðsmerkið í barninum! Kannski voru þeir bara þeir einu sem þorðu að segja hvað þeir voru að hugsa. Ekki búnir að læra kurteisreglurnar enn þá, greyin, og þorðu að segja úti á götu sem aðrir segja kannski bara heima hjá sér.“

Abyggilega borgaraleg

— Og svo kom Kvennaframboðið. „Já, mér fannst það nú ekkert sniðugt í fyrstu, fannst þær vera að læsa sig endanlega inni á „konubásnum“.

En eftir fundinn á Hótel Borg ákvað ég að vera með, þá var ég búin að hugsa málin lengi. Það gerist ekki oft að konur hittist á þeim grundvelli sem þær gerðu á Borginni og svo eftir það á Hótel Vik. Það er algengt í samböndum að konurnar umgangist bara vini mannsins síns, umhverfi þeirra ákvarðast af honum, rétt eins og staða þeirra, og þær velja sér ekki vini sjálfar. Allt í einu eru saman komin hundruð kvenna sem hafa valið að vera saman. Og þegar við förum að tala saman kom í ljós hversu margt er sameiginlegt. Svonalagað gerist ekki oft meðal kvenna en þyrfti að gerast miklu oftar.“

— Það var mikið reynt að stimpla ykkur og stundum var sagt að þú værir eina borgaralega konan í þessum kommafansi. Ertu borgaraleg?

„Eflaust er ég það, ég velti því lítið fyrir mér. Mér finnst það dæla að skipta öllu upp í hægri og vinstri. Öll hugmyndafræði sprettur upp úr ákvednum veruleika. Okkar veruleiki er svo gerólikur þeim sem aðrar stefnur spretta upp úr, allt annars eðlis. Það trúir því kannski enginn en við töludum

aldrei um það hver hefði kosið hvað, það kom aldrei á dagskrá. Ef til vill hafa þær gefið sér að ég hafi alltaf kosið Sjálfstæðisflokkinn sem er þá rangt. En það skiptir engu máli, Kvennaframboðið stendur fyrir utan flokkapólitikina vegna þess að það grundvallast á einhverju allt öðru en þeirra hugmyndafræði gerir.

Hvað er pólitik?

Annars finnst mér undarleg þessi umræða um hvað pólitik er. Það er t.d. sagt að halda eigi pólitik utan við 17. júní, en það er ekki til pólitískari dagur en 17. júní. Ég sat einn borgarstjórnarfund á dögunum. Þar voru bornar upp tillögur sem voru samþykktar eða felldar, en það var lítið rætt. Þetta á að vera fulltrúaráð borgaranna en virkar eins og afgreiðsluapparat. Fulltrúarnir koma úr flokkunum sínum með tilbúnar tillögur og tilbúna afstöðu. Ég hef það á tilfinningunni að ef maður fer „út í pólitik“ fjarlægist maður þann raunveruleika sem við er að elja. Ég efast um að þessir karlar sem ráða ferðinni viti t.d. hvernig er að eiga heima í Reykjavík.

Daginn eftir kosningar var ég spurð hvernig væri nú að vera komin út í pólitik. Þá var ég nefnilega orðin varaborgarfulltrúi. En auðvitað vorum við allar búnar að vera í pólitik í allan vetur og erum enn, líka þær sem ekki voru á listanum. Það er eins og það að „vera í pólitik“ sé að vera hluti af einhverju appafati. Það var eins og það hefði eitthvað breyst við kosningarnar. Mér fannst ég kannski vera komin lengra frá því að vera í pólitik. Þetta er ekki starf sem freistar mín. Á þessum fundi var Davíð borgarstjóri og Ingibjörg Rafnar stjórnari fundi í fjarveru Alberts. Þau voru bæði með mér í skóla og mér fannst ég vera komin aftur á málfund í menntaskóla, þar sem aðalatriðið var að vera formlegur formsins vegna.“

Valdaleysi almennings

— Þú hélt ræðu á fríðarfundi á dögunum „Já, ég gerði það. Sjálfsgat hefur það þótt gefa fundinum meiri breidd að fá svona borgaralega stelpu til að tala! Og full þörf á því þarna. Annars hryllir mig við þeirri tilhugsun að verða ein af þessum, sem alltaf eru að flytja ræður og ávörp, hef gaman af að skrifa þær en alltaf jafn fánlegt einhvern veginn að standa í ræðustóli. Það er bara eins og fólk geri ráð fyrir að maður sé til í þetta, gefur sér það fyrir fram og áður en varir, verður þú partur af einhverju ræðumannalíði, sem alls staðar er látið ota sinum tota. Og viðkomandi, í þessu tilfelli ég, fer að trúa því að svona sé hann, lætur m.a.s. hafa við sig viðtal! Þegar ég sé nafnið mitt á lista yfir þá sem munu tala, þá þekki ég það ekki fyrir mitt eigið, þetta er einhver önnur manneskja. Ég sjálf verð áreiðanlega heima að lesa einhverja góða bók eða kyssa kallinn minn!“

Annars er ástæðan til þess að ég fór að fylgjast með fríðarhreyfingunni — fyrir utan fríðinn sjálfan — að ég skynja hana líka sem uppreisn og mótmæli gegn valdleysi almennings. Astandið í dag hefur verið að þróast í mörg ár og það í lýðræðisríkjum. Vissi enginn hvað var að gerast, vildi fólk láta þetta gerast, ganga svona langt? Við búum í lýðræðisríkjum en samt hafa hlutir verið að gerast sem enginn vill.

En mér finnst fríðarhreyfingin misskilin hér heima. Það stafar e.t.v. af því að Samtök herstöðvaandstæðinga og vinstri flokkarnir tóku hana að sér — þá þyrfti hún þar með að verða vinstramál og bannvara fyrir hægri-menn. Eins og hún komi svona hreppapólitik eitthvað við! Í Þýskalandi t.d. snýst fríðarhreyfingin alls ekki um það hvort þjóðin eigi að segja sig úr NATO eða ekki, henni er ekki beint gegn NATO. Fríðarhreyfingin má ekki verða neitt komma-fyrirbæri, hún er miklu merkilegri en það.“

Reynsluheimur?”

